

JAFNLAUNASTEFNA

INNGANGUR

Stefna Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns er að greiða jöfn laun og veita sömu kjör fyrir sömu eða jafnverðmæt störf.

Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn er eftirsóknarverður vinnustaður þar sem starfsmenn njóta jafnra launa og sömu kjara fyrir sömu eða jafnverðmæt störf. Starfsfólk skal hafa jöfn tækifæri til þess að axla ábyrgð, sinna verkefnum og hver einstaklingur er metinn að verðleikum eftir hæfni og frammistöðu óháð kyni, kynþætti, þjóðernisuppruna, trú, lífsskoðun, fötlun, skertri starfsgetu, aldri, kynhneigð, kynvitund, kyneinkennum eða kyntjáningu, þannig að hæfileikar og færni starfsfólks fái notið sín sem best.

Safnið skuldbindur sig til þess að nota launakerfi sem styður við stefnu safnsins. Allar ákvarðanir um laun skulu vera gegnsæjar, málefnalegar, skjalfestar og rekjanlegar. Jafnlaunastefnan nær til alls starfsfólks safnsins utan landsbókavarðar en laun hans eru ákvörðuð á öðrum vettvangi.

Jafnlaunastefna Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns er órjúfanlegur hluti af mannauðstefnu safnsins og henni er ætlað að tryggja að jafnréttis sé gætt við allar launaákvæðanir. Safnið hefur innleitt verklag og skilgreint viðmið við ákvörðun launa þar sem hver og einn fær greitt fyrir starf sitt út frá verðmæti þess. Stjórnendur skuldbinda sig til að fylgja lögum, reglum og samningum sem snerta jafnréttismál og lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna er gilda á hverjum tíma. Þá ber jafnlaunastefnunni að uppfylla kröfur ÍST 85:2012.

ÁBYRGÐ

Landsbókavörður ber ábyrgð á jafnlaunastefnu og jafnlaunakerfi safnsins og framfylgir því að lagalegum kröfum og öðrum kröfum sem tengjast jafnlaunakerfinu sé fylgt. Sviðsstjóri fjármála og reksturs, ásamt mannauðsstjóra eru tilnefndir fulltrúar framkvæmdaráðs varðandi jafnlaunakerfi safnsins og eru ábyrgir fyrir innleiðingu og viðhaldi þess.

Mannauðsstjóri ber ábyrgð á skjalfestingu, innleiðingu, hlítingu og framkvæmd stefnunnar ásamt því að sjá til þess að stefnunni sé viðhaldið, hún sé rýnd í framkvæmdaráði og endurskoðuð annað hvort ár. Þá ber mannauðsstjóri ábyrgð á stöðugum umbótum, eftirliti og rýningu á árangri jafnlaunakerfisins og að framfylgja nauðsynlegum viðbrögðum og úrbótum.

MARKMIÐ

- Að greiða starfsfólki jöfn laun og sömu kjör fyrir sömu eða jafnverðmæt störf óháð kyni eða öðrum mismununarþáttum¹.
- Að meta framlag starfsfólks með samræmdum hætti eftir hæfni og frammistöðu óháð kyni.
- Að Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn sé eftirsóttur vinnustaður þar sem starfsfólk hefur jafna möguleika og sömu tækifæri óháð kyni.
- Að safnið hafi á að skipa hæfum starfsfólki sem uni hag sínum og takist á við krefjandi verkefni af metnaði og fagmennsku.

- Að launastefnan styðji við hlutverk og framtíðarsýn safnsins, efli þjónustu, skilvirkni og gæði í allri starfsemi þess.

STUÐNINGUR VIÐ MARKMIÐ

- Innleiða og framfylgja vottuðu jafnlaunakerfi sem byggist á jafnlaunastaðlinum ÍST 85:2012.
- Kynna stefnuna fyrir starfsfólki. Stefnan skal einnig vera almenningi aðgengileg á ytri vef safnsins.

TILVÍSANIR

150/2020: Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna

Vkl. Flokkun starfa

Vkl. Mat á störfum

Vkl. Mat á einstaklingsbundnum og hópbundnum þáttum

Vkl. Markaðsálag

Vkl. Vöktun og mæling

TILVÍSUN Í ELÐRA GÆÐAKERFI

Jafnlaunastefna – Skjalanúmer: SS-0021 - Útgáfa: 2 – Útgáfudagur: 25.10.2022

Uppfærð útgáfa með fleiri mismunapáttum „kynþætti, þjóðernisuppruna, trú, lífsskoðun, fötlun, skertri starfsgetu, aldri, kynhneigð, kynvitund, kyneinkennum eða kyntjáningu“